

635 512(0)
X

Rannsóknir á fiskistofnum Hafralónsár 1993.

**Þórólfur Antonsson og
Sigurður Guðjónsson.**

Veiðimálastofnun VMST-R/94006x.

Unnið fyrir veiðifélag Hafralónsár. Þegar skýrsla er merkt með x er hún ekki ætluð til dreifingar án samráðs við höfund.

Hafralónsá (NE)
Kverká (NE)
Tingná (NE)
Grímólfsá (NE)
GT Lax

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Efnisyfirlit.

	Bls.
Inngangur.....	2
Framkvæmd.....	2
Niðurstöður og umræður.....	3
Uppeldisskilyrði.....	3
Seiðabúskapur.....	4
Laxveiðin.....	5
Heimildir.....	5
Myndir.....	6
Töflur.....	10

Inngangur

Sumarið 1993 var gerð yfirlitsrannsókn á vatnakerfi Hafralónsár og Kverkár í Þistilfirði. Farið var upp með aðalánni, botngerð og uppeldisskilyrði metin og seiðabúskapur kannaður á stöku stað. Einnig var neðsti hluti fjögurra hliðaráa kannaður en þær voru, Grímólfsá að austan, Grímólfsá að vestan, Tungná og Kverká.

Nokkrum sinnum áður hafa starfsmenn Veiðimálastofnunar rannsakað seiðaástand í Hafralónsá. Það var árin 1985 (Steingrímur Benediktsson 1987), 1987 og 1988 (Sigurður Guðjónsson 1989) og 1990 (Árni Óðinsson 1991).

Framkvæmd

Þann 16. ágúst 1993 var farin ferð upp með Hafralónsá til þess að fá yfirlit yfir uppeldisskilyrði, veiðistaði og aðra þætti sem skipta máli fyrir ána sem laxveiðiá. Farið var 2-3 km upp fyrir Stórafoss, en hann er um 28 km frá sjó og í 405 m hæð yfir sjó. Jafnframt voru rafveiddar, með einni yfirferð, fjórar stöðvar í Hafralónsá og ein stöð í eftirtöldum hliðarám, Grímólfsá að austan, Grímólfsá að vestan, Tunguá og Kverká (1. mynd). Öll seiðin sem veiddust voru lengdar- og þyngdarmæld. Af nokkrum seiðum á hverri stöð var tekið hreistur og kvarnir til aldursákvörðunar. Hver stöð var mæld og reiknaður þéttleiki seiða á hverja 100 m² botnflatar, fyrir hvern aldurshóp. Lítillega var einnig unnið úr laxveiðigögnunum, en sem fyrr var skráður í veiðibækur veiðidagur, lengd og þyngd hvers einstaks lax. Leiðin vatnsins var mæld á þremur stöðum í vatnakerfinu og reiknað yfir í staðal miðað við 25 °C.

Niðurstöður og umræður

Uppeldisskilyrði.

Hafralónsá er fiskgeng upp í efri hluta Dimmugljúfra að fossi sem nefnist Laxfoss, en hann er í 23 km fjarlægð frá sjó. Milli Laxfoss og Stórafoss er 4-5 km svæði og af því eru 2-3 km grýtt svæði sem henta til seiðauppeldis. Eitthvað er um staðbundna bleikju á því svæði. Fyrstu kílómetrarnir ofan Stórafoss er mest klapparbotn og síðan tekur við sandbotn fram í Hafralón (Marinó Jóhannsson munnlegar upplýsingar). Bæði Grímólfsá að austan og Tunguá eru fiskgengar á þeim svæðum sem heppilegur er til seiðauppeldis. En Grímólfsá að vestan er stutt fiskgeng og heldur rýr til uppeldis, þó fundist hafi laxaseiði þar. Kverká er fremur stutt fiskgeng að fossi sem er í um 100 m h.y.s. en svæðin fyrir framan foss hafa ekki verið könnuð. Bæta má Kverká sem veiðiá með gerð veiðistaða neðan til í henni. Samandregið, þá eru einu heppilegu svæðin til að sleppa seiðum á ófiskgengum svæðum fyrrnefndir 2-3 km milli fossa í Hafralónsá og líklega einhver svæði ofan foss í Kverká. Þegar komið er fram fyrir Stórafoss er botgerð léleg og hæð yfir sjó það mikil að ekki er líklegt að það skili neinum umtalsverðum árangri.

Leiðni árvatnsins reyndist vera 72 $\mu\text{S}/\text{sm}$ í Hafralónsá, 52 $\mu\text{S}/\text{sm}$ í Grímólfsá að austan og 68 $\mu\text{S}/\text{sm}$ í Kverká. Leiðni vatnsins segir til um það hversu mikil steinefni eru uppleyst í vatninu og því meira sem er af þeim næringarefnum, því frjósamari er áin. Til viðmiðunar er oft talað um það að lax þrífist illa í ám sem hafa lægri leiðni en 50 $\mu\text{S}/\text{sm}$.

Seiðabúskapur.

Laxaseiðin sem veiddust í rafveiðunum voru á aldrinum 0-5 ára (2. mynd). Þéttleiki 2 ára seiða var mestur eða 5,6 seiði á hverja 100 m² en þéttleikinn var 2,7 hjá 1 árs og 3,7 hjá 3 ára seiðum, en minni hjá öðrum aldurshópum (tafla 1). Meðallengd yngstu seiðanna 0 og 1 árs var mjög lág eða 2,7 sm og 4,4 sm. Eldri seiðin voru nær meðaltali fyrri ára. Hvergi veiddust önnur seiði en laxaseiði í ánni og hliðaránum, nema nokkur bleikjuseiði á neðstu stöðinni (stöð 8). Því er hægt að segja að seiðaástand hafi verið gott í Hafralónsá sumarið 1994 og einnig í þeim hliðarám sem skoðaðar voru. Hins vegar verður að hafa í huga að hliðarárnar eru heldur rýrari til seiðauppeldis heldur en Hafralónsá sjálf.

Sýnt hefur verið fram á sterk tengsl á milli sjávarskilyrða og hvað skilar sér aftur af laxi úr ákveðnum gönguseiðahópum. Síðustu 2-3 ár hafa sjávarskilyrði verið með ágætum. En síðastliðið sumar var mjög sérstakt að því leyti að þrátt fyrir að sjávarástand væri talið nokkuð gott, voru samfelldar norðanáttir yfir allan tímann sem gönguseiði eru að ganga út. Ítrekaðar tilraunir voru gerðar til að veiða gönguseiði í Vestudalsá í Vopnafirði, en aðein örfá seiði fengust. Hitamælingar úr sömu á sýna einnig að hiti árinna fór sjaldan yfir 10°C, sem reynslan sýnir að er viðmiðun fyrir útgöngu seiðanna undanfarin ár. Hitamælingar í Sandá í Pistilfirði segja sömu sögu. Því má búast við því að smálax verði með lakasta móti á komandi sumri, þrátt fyrir að lifitala í sjó verði væntanlega há á þeim fáu seiðum sem til sjávar gengu. Stórlax ætti hins vegar að vera yfir meðallagi í samhengi við smálaxinn í fyrra.

Hvort þetta sérstæða ástand hefur áhrif á seiðabúskap árinna næstu ár er ekki vitað, en hugsanlega hefur gott haust bjargað miklu fyrir yngri seiðin.

Laxveiðin.



Samkvæmt veiðibókum veiddust 402 laxar í Hafralónsá síðastliðið sumar. Þar af voru smálaxar sem dvalið höfðu eitt ár í sjó 252 eða 63 %. Kynskiptingin var þannig að 262 laxar voru hængar en 132 hrygnur. Miðað við margar aðrar ár á þessum landshluta er Hafralónsá fremur langt fiskgeng og ætti því að geta verið í hópi aflahæstu ána á svæðinu, þó svo að sveiflur í veiðinni komi fram í henni ekki síður en öðrum ám. Fjögurhundruð laxa veiði er því vart meira en helmingur miðað við það sem áin gæti gefið, ef veiðiálag væri með svipuðum hætti og í öðrum ám á svæðinu.

Heimildir

Árni Jóhann Óðinsson 1991. Fiskirannsóknir í Hafralónsá í Pistilfirði 1990. VMST-A/91002.


Sigurður Guðjónsson 1989. Seiðarannsóknir í nokkrum ám Norð-Austanlands. VMST-R/89030.

Steingrímur Benediktsson 1987. Niðurstöður rafveiða í Hafralónsá í Pistilfirði 1985. VMST-A/87004.




1. mynd. Vatnasvið Hafralónsár. Rafveiðistöðvar eru merktar með númerum.


Hafralónsá Stöð 1 o.v. A-Grímólfsá (120 m²)



Grímólfsá að austan Stöð 2 neðst við ármót (200 m²)




Hafralónsá Stöð 3 n.v. efra veiðihús (150 m²)




2. mynd. Lengdardreifing laxfiskaseiða á fjórum stöðvum í Hafralónsá og einni stöð í fjórum hliðarám sumarið 1993.


Grímólfsá að vestan Stöð 4 neðst í ánni (50 m²)



Tungná Stöð 5 neðst í ánni (100 m²)




Hafralónsá Stöð 6 v/Tungusel (210 m²)



2. mynd. Framhald.


Kverká

Stöð 7 neðst í ánni (250 m²)




Hafralónsá

Stöð 8 við rétt (120 m²)



Vatnakerfi Hafralónsár

allar stöðvar sameinaðar



2. mynd. Framhald.

Tafla 1. Niðurstöður samantektar á rafveiðigögnum í Hafralónsá og nokkrum hliðarám 1994. L = meðallengd; s.fráv = staðalfrávik; Fjöldi = heildarfjöldi veiddra; P = meðalþyngd; K-st. = Holdastuðull; Péttl. = þéttleiki á 100 m².

Aldur

	0+	1+	2+	3+	4+	5+
L (sm)	2,7	4,4	6,7	8,5	10,1	12,0
s.fráv.	0,12	0,29	0,49	0,40	0,21	1,13
Fjöldi	6	32	67	44	3	3
P (gr)	--	0,9	3,1	6,4	11,4	19,2
s.fráv.	--	0,26	0,77	0,99	0,40	5,78
K-st.	--	1,02	1,01	1,03	1,10	1,09
s.fráv.	--	0,17	0,12	0,07	0,05	0,09
Péttl.	0,5	2,7	5,6	3,7	0,3	0,3